

Málþing um sjálfbærni og lýsingarhönnun,
13. október 2009

LJÓSGÆÐI | LÍFSGÆÐI

Í ljósi breyttra aðstæðna í mannvirkjagerð hér á Íslandi eru tækifæri til endurmats og uppbyggingar fyrir nýja tíma og nýjar stefnur. Raunhæft er að ætla að áherslur í framtíðinni verði á hönnun til sjálfbærni og þar með talið við hönnun lýsingar þar sem kröfur um orkusparnað og vellíðan þeirra einstaklinga sem innan bygginganna dveljast hafa aukist.

Ráðgjafarfyrtækið Verkís mun standa fyrir opnu málþingi sem ber heitið „LJÓSGÆÐI | LÍFSGÆÐI“ þriðjudaginn 13. október næstkomandi í Laugardalshöll - ráðstefnusal 3. Þar munu alþjóðlegir fyrirlesarar miðla nýjum rannsóknum og þeim möguleikum sem við höfum til að bæta umhverfi okkar og vellíðan með birtu.

Fyrirlesarar málþingsins eru:

- * Dr. George Brainard taugalæknir og sérstakur ráðgjafi NASA - National Space Biomedical Research Institute við þróun á mót vægisaðgerðum við heilsufarsbreytingum geimfara
- * Merete Madsen dagsbirtu arkitekt
- * Kevan Shaw lýsingarhönnuður og formaður nefndar um sjálf bærni PLDA - Alþjóðlegum samtökum lýsingarhönnuða
- * Martin Lupton frá Guerrilla Lighting og formaður PLDA

Málþingið er haldið á ensku og er ætlað öllum þeim sem vilja fræðast um gildi lýsingar og eiga þátt í að bæta umhverfi sitt og annarra
Miðar fast á www.midi.is

Nánari upplýsingar um málþingið eru á slóðinni:

<http://www.verkis.is/malthing> en einnig hjá Þórdísi Harðardóttur á netfangið trh@verkis.is, Guðjóni L. Sigurðssyni gl@verkis.is og Rósu Dögg Þorsteinsdóttur rdt@verkis.is.